



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um hlut leikskólagjalda í rekstri leikskólanna og hlutfall reykvískra barna á leikskólaaldri í leikskólum borgarinnar - R19030070

Á fundi borgarráðs þann 7. mars 2019 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um hlut leikskólagjalda í rekstri leikskólanna og hlutfall reykvískra barna á leikskólaaldri eru sem eru í leikskólum borgarinnar.

Fyrirspurn:

Leikskólagjöld borgarinnar voru 9,3% af heildarkostnaði við rekstur leikskólanna árið 2018. Hvað var það há upphæð? Hver er áætlaður kostnaður við að afnema vistunar- og fæðisgjöld í leikskólum borgarinnar, þ.e.a.s. að gera þá gjaldfrjálsa?

Svar:

Leikskólagjöld (námsgjald + fæðisgjald) námu 1,4 miljarði á árinu 2018. Það er fjárhæðin sem myndi kosta að gera leikskólana gjaldsfrjálsa.

Flokkur	2018 - raunkostnaður
Námsgjald	721.452.091
Fæðisgjald	684.162.571
Samtals	1.405.614.662

Fyrirspurn:

Er vitað hversu hátt hlutfall reykvískra barna á leikskólaaldri eru í leikskólum borgarinnar?

Svar:

Börn fædd 2013 – 2017 með lögheimili í Reykjavík og á leikskólaaldri eru í dag 7. 220 að tölu. Hér gerum við ekki ráð fyrir börnum fædd í desember 2017 því þau eru ekki orðin 18 mánaða við innritun í maí 2019 og því ekki á leikskólaaldri.

Í borgarreknu leikskólunum eru 5.238 börn með lögheimili í Reykjavík. Þetta eru 72,5% af börnum á ofangreindum leikskólaaldri í Reykjavík.

Í sjálfstætt reknu leikskólum í Reykjavík eru **1.120** börn með lögheimili í Reykjavík. Þetta eru 15,5% af börnum á ofangreindum leikskólaaldri í Reykjavík.

Samtals eru því **6.358** börn í leikskólum í borginni með lögheimili í Reykjavíkur eða 88,1% af þeim börnum sem eru á ofangreindum leikskólaaldri í Reykjavík.

Þau börn sem vantar upp á, u.þ.b. 12%, eru í leikskólum utan Reykjavíkur, almennum og sjálfstætt rekrum, ekki í leikskóla eða byrjuð í grunnskóla.

Börn í Reykjavík	Börn í borgarrekrum	Börn í sjálfstætt rekrum í Reykjavík	Samtals börn í leikskólum í Reykjavík	Annars staðar
7220	5238	1120	6358	862
	72,50%	15,50%	88,10%	11,90%

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs